

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



6. maí 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 709. mál á 150. löggjafarþingi

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skráning raunverulegra eigenda

Með frumvarpi þessu er ætlunin að ljúka innleiðingu tilskipunar 2018/843/ESB um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt slíkum ráðstöfunum.

Meðal þeirra aðila sem er ætlunin að fella undir lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með frumvarpinu, eru lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að þetta leiði af kröfum tilskipunar 2013/36/ESB, sbr. viðauka I. Samtökin styðja þessa tillögu eindregið. Lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum um neytendalán voru felldir undir lögum með breytingu samkvæmt lögum nr. 163/2019 sem voru samþykkt í desember. Með hliðsjón af þannig breyttu orðalagi a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 þarf að breyta orðalagi a-liðar 1. gr. frumvarps þessa til samræmis, svo sem með því að breyta orðinu "laga" í þágufallsmyndina "lögum".

Hagsmunasamtök heimilanna mótmæla því sem kemur fram í lokamálslið 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu, að ekki sé ástæða til að fella fjárhagsupplýsingastofur undir lögum á þessu stigi. Auk lánveitenda eru aðilar sem vinna með upplýsingar um lánshæfi tilgreindir í 13. tölulið viðauka I með tilskipun 2013/36/ESB. Með sömu fyrrnefndu rökum og koma fram í athugasemdum að baki 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu hlýtur að sama skapi að þurfa að tilgreina fjárhagsupplýsingastofur í ákvæðinu, til að uppfylla kröfur þeirrar tilskipunar. Enn fremur eru dæmi um að aðilar sem stunda vafasama, jafnvel ólöglega starfsemi, nýti sér fjárhagsupplýsingastofu til að ógna neytendum með hótunum um skráningu á vanskilaskrá og skemmdarverkum á lánshæfismati. Slíka starfsemi er því full ástæða til að fella undir varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess fjárhagsupplýsingastofum verði við bætt við upptalningu aðila í 1. gr. frumvarps þessa, en gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is